



Flugslysaæfing Þórshafnarflugvelli Apríl 2022 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

1	Efnisyfirlit	
2	Frá æfingastjórn	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1	Fræðsluvika.....	4
4.2	Verklegar æfingar	4
4.3	Föstudagur 29. apríl 2022.....	5
4.4	Laugardagur 30. apríl 2022.....	6
4.5	Æfingastjórn	8
4.6	Ráðgjafar	8
4.7	Þátttaka	9
4.8	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	9
4.9	Veður	9
4.10	Vettvangur.....	9
5	Rýni.....	11
5.1	Vettvangsæfing - Rýnifundur.....	11
5.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	13
5.3	Umsjón leikara - Rýni meðal leikara	17
5.4	Rafræn rýni – allir þátttakendur	17
5.4.1	Hverjir tóku þátt í rýni	17
5.4.2	Það sem vel var gert	17
5.4.3	Það sem betur hefði mátt fara	18
5.4.4	Annað sem var tekið fram	19
5.4.5	Einkunn æfingar.....	20
6	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	21
6.1	Styrkur	21
6.2	Umbótatækifæri.....	21

2 Frá æfingastjórn

Síðustu tvö ár hefur verið áskorun að dansa með og í kringum Covid 19. Allar æfingar ársins 2020 féllu niður og árið 2021 náðist að halda hluta æfinga, allar með einhvers konar takmörkunum. Æfing á Þórshöfn var áætluð 9. október 2021 og hófst aðalundirbúningur í mánuðinum á undan. Strax í byrjun október fara þó að vera blikur á lofti að Covid smitum sé að fjölga á Norðurlandi og þegar kom nær æfingu var ljóst að breyta þurfti útfærslum, fræðsla var öll færð í fjarfræðslu og að lokum þurfti að fresta bæði skrifborðsæfingu og stóru verklegu æfingunni. Æfingarnar færðust því yfir á árið 2022.

Verklegu æfingarnar voru haldnar í lok apríl 2022. Lengi vel var óljóst með mætingu viðbragðsaðila á svæðinu á stóru æfinguna og var það að ýmsum aðstæðum en það rættist heldur betur úr mætingu og úr varð mjög góð æfing. Mikið að nýjum aðilum var að taka að sér stjórnunar og verkþætti í fyrsta sinn og stóðu sig með prýði. Afbragðs aðstæður voru til æfingar, en það er ekki oft sem aðilar geta verið á stuttermabolum á flugslysaæfingum og sköpuðust nýjar áskoranir með áhyggjum yfir að leikarar myndu mögulega sólbrenna enda frekar að það sé kuldi sem glímt er við.

Æfingastjórn þakkar gott samstarf við viðbragðsaðila og góðar móttökur bæjarbúa.

01.06.2022

F.h. æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir



3 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Markmið æfingarinnar eru tvenn:

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast flugslysaáætluninni.
- Að æfa flugslysaáætlun Þórshafnarflugvallar, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



4 Undirbúningur og framkvæmd

Æfing á Þórshöfn var áætluð 9. október 2021 og hófst aðalundirbúningur í mánuðinum á undan. Strax í byrjun október fara þó að vera blikur á lofti að Covid smitum sé að fjölga á Norðurlandi og þegar kom nær æfingu var ljóst að breyta þurfti útfærslum, fræðsla var öll færð í fjarfræðslu og að lokum þurfti að fresta bæði skrifborðsæfingu og stóru verklegu æfingunni.

4.1 Fræðsluvika

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti á fimmtudegi.

Fræðslan var haldin út frá eftirfarandi dagskrá í gegnum netið enda ekki talið æskilegt að blanda landshlutum saman vegna Covid. Einhverjir sameinuðust á Þórshöfn og hlustuðu saman og er það ávallt gagnlegt þegar hópar gera slíkt enda verður meira samráð þegar fólk kemur saman. Mættu helstu aðilar á fræðsluna.

Bráðaflokkunarfyrirlesturinn frestaðist þó aðeins og var hann haldinn fimmtudaginn 14. október.



Dagskrá Þórshöfn 2021

Breyting á dagskrá

- Allar verklegar æfingar falla út vegna covid áhættu
- Boðunarprófun stendur og verður keyrð út á fimmtudagsmorgun
- Minnum á að yfirfara flugslysaáætlunina fyrir Þórshöfn
- Fjarfræðsla í boði út frá eftirfarandi dagskrá

Fimmtudagur 7. október

10:00	Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Þórshöfn. Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.	
16:00-17:00	Rannsóknarnefnd samgönguslysa með Slökkviliði.	Ragnar RNSA Click here to join the meeting
17:00-18:30	Björgunarstjórafræðsla f. slökkvilið/björgunarsveitir	Friðfinnur / Elva Isavia Click here to join the meeting
19:00-20:00	Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. <ul style="list-style-type: none">• Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.• Tengill á ZOOM -fundinn• Meeting ID: 956 2930 9203 Passcode: 265054	Aðili frá RKÍ
20:00-21:00	Aðgerðagrunnur – Fjarfræðsla fyrir alla sem nota aðgerðagrunn	Brandur SL Click here to join the meeting

Föstudagur 8. október

16:00-19:30	SÁBF kerfið og verkþáttastjórnun Fjarskipti Bráðaflokkun og áverkamat – fyrir alla	Almannavarnir Brandur SL Landspítalinn Click here to join the meeting
-------------	---	--

4.2 Verklegar æfingar

Í lok mars 2022 þegar að ljóst var að Covid var á undanhaldi var ákveðið að halda verklegu æfingarnar í lok apríl samkvæmt eftirfarandi dagskrá.

Dagskrá Þórshöfn 2022

Föstudagur 29. apríl

12:30	Stöðufundur ráðgjafa <ul style="list-style-type: none"> ▪ Samræming ▪ Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf ▪ Uppsetning vettvangs 	
13:00-14:00	Verkþættir lögreglu , vettvangsstjórn og verkþáttastjórar Staðsetning: Lögreglustöð	Friðjón AVD
16:00-18:00	Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra Staðsetning: Félagsheimilið Þórsver Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn*, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar. Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálсан búnað. *Aðgerðastjórn (AST) er staðsett á Akureyri.	Isavia / AVD
19:00-21:00	Setning æfingar –Allir þátttakendur Staðsetning: Félagsheimilið Þórsver og ásamt fjarfundi fyrir AST Akureyri.	
	Dagskrá: <ul style="list-style-type: none"> • Setning lögreglu • Kynning, tilgangur flugslysaæfinga • Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur • Almennt um skipulag í hópsslysum (SÁBF) • Flæði slasaðra, frá slystað að sjúkrahúsi • Rannsókn flugslysa og verndun gagna • Kynning á verkefnum Rauða krossins • Praktísk atriði í tengslum við æfinguna • Almennt um fjarskipti og fjarskiptaáætlun 	Hermann Lögregla/AVD Elva Isavia Friðjón AVD Friðfinnur Isavia Sigrún Guðný LSH RNSA Aðalheiður RKÍ Elva Isavia Brandur SL
20:00-21:00	Fundur fyrir leikara / þolendur Staðsetning: Félagsheimilið Þórsver	Elva Isavia

4.3 Föstudagur 29. apríl 2022

Föstudagurinn hófst á stöðufundi ráðgjafa en þeir koma saman reglulega á meðan æfingadögum stendur til að halda utan um alla þræði æfingar.

Fræðsla var haldin í félagsheimilinu fyrir vettvangsstjórn og verkþáttastjóra fyrir skrifborðsæfinguna og var fín mæting aðila.

Skrifborðsæfingin gekk vel, margir aðilar voru að koma nýir í hlutverk verkþáttastjóra og gagnlegt fyrir á að fara yfir hlutverkin áður og síðan taka tvö rennsli. Þannig náðu aðilar betri heildarmynd og voru tilbúnir fyrir komandi æfingu á laugardeginum.



Setningin var vel sótt af viðbragðsaðilum á svæðinu og var Aðgerðastjórn á Akureyri einnig þátttakandi í gegnum fjarfundabúnað.



Leikarakynning var á sama tíma í Félagsheimilinu, nokkrar áhyggjur urðu um kvöldið vegna mjög dræmrar mætingar leikara en fyrir tilstilli aðila í heimabyggð var hringt vítt og breytt og rættist verulega úr mætingu á laugardeginum þannig að það náðist í viðunandi sjúklingafjölda fyrir æfinguna.

4.4 Laugardagur 30. apríl 2022

Laugardagur 30. apríl

08:30	Förðun leikara Staðsetning: Félagsheimilið Þórsver	Elva Isavia
10:30	Flugslysæfing hefst – Allir þátttakendur Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkþáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.	
13:00	Rýnifundur og matur fyrir alla þátttakendur – Staðsetning Félagsheimilið Þórsver (Athugið er fyrr eða seinna, er í beinu framhaldi og æfingu er lokið).	
	<ol style="list-style-type: none"> 1. Almenn um/stóra myndin 2. Aðgerðarstjórn 3. Vettvangsstjórn 4. Leit og björgun 5. Söfnunarsvæði slasaðra 6. Lokanir/umferð/talning 7. Móttaka og flutningur 8. Aðstandendur/fjöldahjálp 9. Umsögn ráðgjafa 10. Umræður 11. Næstu skref 12. Æfingu slitið 	<ol style="list-style-type: none"> Æfingastjóri Aðgerðarstjóri Vettvangsstjóri Björgunarstjóri Aðhlyningarstjóri Gæslustjóri Flutningastjóri Rauði krossinn Ráðgjafar Orðið laust Isavia Lögreglan

Förðun leikara hófst snemma um morguninn. Leikarar komu m.a. úr Grunnskólanum og bæjarbúar. Átta leikarar og fimm brúður voru notaðar á æfingunni. Þau mættu á kynningarkvöld á föstudeginum og síðan fyrst manna á laugardeginum. Ljóst er að í hópnum voru mjög góðir aðilar í að farða og tók skamma stund að hafa alla tilbúna.

Æfingin sjálf tókst vel enda veðurskilyrði sjaldan verið betri. Alltaf er eitthvað sem má fínþússa á slíkum æfingum og er vel farið yfir slíkt í rýnihluta skýrslunnar.

Að lokinni æfingu var öllum boðið uppá eðal súpu í félagsheimilinu á meðan rýnifundur fór fram sem rann ljúflega ofan í þátttakendur æfingarinnar.



4.5 Æfingastjórn

Æfingastjórn var skipuð fulltrúum frá lögregluþingvöldum á svæðinu, fulltrúum almannavarna ríkisins og Isavia.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Halldór Hólm	Almannavarnir
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason	Almannavarnir
Æfingastjórn	Hermann Karlsson	Lögreglan á Norðurlandi eystra

4.6 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Hólmgeir Þorsteinsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þórir Gunnarsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Magnús Orri Einarsson	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir	Almannavarnir
Ráðgjafi	Aðalheiður Jónsdóttir	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Hermann Karlsson	Lögreglan
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Jón Sigurðsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Þjarni Kristófer Kristjánsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg



4.7 Þátttaka

2021 Þátttaka í fræðsluhlutaæfingar var góð og flestar einingar sem tóku þátt á svæðinu. Góð samvinna var hjá slökkviliði og björgunarsveit sem sameinuðust í húsnæði til að hlusta á fræðsluna og var umræða mjög góð.

2022 Þátttakendur á verklegri æfingu.

Athugið að um áætlaðar tölur eru frá einingum enda ekki talið á æfingunni sjálfri þó reynt sé að fylgja eftir ca. mætingu.

	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	8
Aðgerðastjórn Akureyri	10
Björgunarsveitin Hafliði Þórshöfn	10
Björgunarsveitin Núpar Kópaskeri	0
Björgunarsveitin Pólstjarnan Raufarhöfn	0
Björgunarsveitin Vopni Vopnafirði	0
Björgunarsveitin á Húsavík	0
Flugfélag - Norlandair	0
Flugturninn Þórshöfn	2
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga Þórshöfn	2
Rauði Krossinn	2
Lögreglan á Húsavík / Þórshöfn / Ak	3
Sjúkraflutningar Þórshöfn	2
Slökkvilið Langanesbyggðar	6
Vettvangsliðar á Kópaskeri	2
Sjúkrabíll Raufarhöfn	2
	31
Gestir	5
Leikarar	8
Ráðgjafar	19
ALLS (með SST og AST)	81

4.8 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

British Aerospace Jetstream frá flugfélaginu Fly No More á leið frá Reykjavík til Þórshafnar með 13 persónur hlekkist á í lendingu á braut 19 á Þórshafnarflugvelli. Rennir út af braut vestan megin skammt frá suðurenda brautar. 800l af eldsneyti voru um borð, eldar loga á slysstað.



ÆFING ÆFING

ÞÓRHAFNARFLUGVÖLLUR VIRKJAR NEYÐARSTIG JET STREAM FRÁ FLUGFÉLAGINU FLY NO MORE HEFUR BROTLÉNT Á SUÐURHLUTA BRAUTAR 13 PERSÓNUR UM BORÐ 800L AF ELDSNEYTI ELDAR LOG

ÆFING ÆFING

4.9 Veður

Veður á æfingardaginn hefði ekki getað verið mikið betra, sól, hiti og smá gjóla.

4.10 Vettvangur

Á vettvangi hafði vélin brotnað og dreifst á nokkra staði, var því um að ræða bæði slökkviverkefni, klippuverkefni úr þröngum aðstæðum auk þess sem einhverjir þolendur lágu um svæðið.



Frekari myndir frá æfingunni má finna á síðunni „Flugslysaæfingar“ á Facebook.

5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



Mynd. Rýniferli æfinga.

5.1 Vettvangsæfing - Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í Félagsheimilinu Þórsver þar sem beið þeirra eðal kjúklingasúpa og brauð. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti.

VST

- Fjarskipti gengu afar vel, allt gekk smurt fyrir sig og hratt. Aðhlyningastjóri fór strax inn á Blár 6-5 og tók pressuna af 6-0.
- Flutningur kom tiltölulega fljótt.
- Búnaður og mannskapur hefði mátt koma fyrr á SSS.
- Ánægður með æfinguna.

Hreiðar ráðgjafi VST

- Eðlilegar samskiptaleiðir dattu inn eftir smá stund en fyrst hófust samskipti fram hjá VST enda hann ekki kominn á staðinn.

Flugvöllur

- Gekk vel, slökkvistörf gengu vel, samskipti gengu vel. Hefði verið sniðugt að leika flugvélinu í VHF gefur meiri dýpt. Boðun gekk afar vel.

Björgunarstjórar

Alltaf að læra, hefðu átt að taka niður stjórnandann hjá einingum sem komu á SLY, tók smá tíma að koma skikki á SLY en tókst á endanum. Björgunarstjórar eiga að vera með yfirsýnina ekki fara í einstaka verkefni, fjarskipti gengu vel.

Hólmgæir ráðgjafi björgunarstjóra

- Áttu erfitt að komast inn í fjarskipti.
- AST að biðja um netfang á 6-0 á alls ekki heima þar.
- Slökkvistarf gekk fínt, seinni bylgjan stoppaði á rampi hefði átt að fara strax á SLY.
- Stóðu sig vel.

Gæslustjóri

- Ánægð að taka þátt, gleymdist að upplýsa hver ætti að hringa á leiðinni út.
- Lokun á braut var ekki auðveld í framkvæmd og of fáir til að tryggja góða lokun.

Halldór Hólm ráðgjafi gæslustjóra

- Gæslustjóri yfirvegaður, gekk smurt, æfingin til fyrirmyndar auðvitað alltaf hægt að laga en æfingin er til þess.

Aðhlyningarstjóri

- Fóru fljótlega yfir á 6-5 mjög gott að gera það, vegna anna á 6-0 reyndist það rétt ákvörðun. Á SSS tveir hjúkrunarfræðingar og ein ljósmóðir, óþægilegt að fá pappírshjargir, þær rugla yfirsýnina og hjálpar ekki. Fjarskipti gengu vel. Góð ábending að fá aðstoð frá Rauða krossinum sem var góð hjálp. Hjargir komu seint á SSS hefði mátt koma fyrir ekkert stórt samt.
- Svæðaskipting er í flugstöðinni og settir voru ábyrgðarmenn á hverju svæði, gekk vel.
- Áður en æfingin er búin mega ekki allir hrúgast inn í flugstöð, átti eftir að koma út þremur polendum.

Sigrún Guðný ráðgjafi aðhlyningarstjóra

- Áverkamat tókst vel.
- Vel gekk að skipta í stöður.
- Ekki alltaf auðvelt fyrir aðila á SSS að ná í aðhlyningarstjóra í fjarskiptum hann er mikið tepptur.
- Ferli innan SSS gekk ágætlega sami staður út og inn enda flestir að fara í flug.
- Vont að vera með pappírshjargir, ruglar æfinguna.
- Mjög gott að vera með bedda úr hópslysakerru RKÍ inn á SSS, verður vonandi næst.
- Vantar töflu til að hafa yfirsýn [eða magic chart].

Flutningastjóri

- Ekki gert þetta áður, samskipti gengu vel.
- Hefði viljað fá fólk til baka fyrir af SLY.
- Eins með búnaðinn úr hópslysakerrunni höfðu ekki vitneskju um að þann búnað, hefði beðið um það.
- Akstur inn á braut þegar vél var að koma, aðilar þurfa að vera betur á tánum varðandi það.
- Bráðaflokkunarspjöld enduðu ekki á réttum stað.
- Afar ánægðir með æfinguna.

Brandur ráðgjafi flutningastjóra

- Gekk vel hjá flutningastjórunum.

- Ekið var of hratt í einstaka tilfellum.
- Á vettvangi var snúið við ekki verið að bakka stórum tækjum sem var gott.
- MÓT er of nálægt hliðinu, það þarf aðeins betra flæði, leggur til að MÓT verði sett innar á hlaðið. Samtal þarf um þetta skipulag.

Rauði krossinn – Aðalheiður og Álfheiður Svana

- Afslöppuð og fumlaus æfing.
- Opnuð var fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda.
- Aðstoðuðu í SSS.
- Virkjuðu bakvaktarsímann og viðbragðshópana það hefðu í raun getað mætt 10 manns á ca 2-3 tímum.
- Óskað var eftir beddum til AST sem hefði græjað það.
- Flott hjá viðbragðsaðilum, góðar móttökur.

Elva æfingastjórn

- Smá ruglingur með bráðaflokkunarspjöld, það vandamál var æfingalegs eðlis þar sem verið var að nota æfingaspjöld að hluta ásamt venjulegu spjöldunum.
- Sagði frá breytingum á boðunarprófunum.

Friðjón SSS

- Vantaði mönnun Isavia í SST.
- AST var að sýsla með sjúkraflug.

Hermann Lögreglunni á Norðurlandi eystra

- Góður agi mikilvægur í vettvangsvinnu.
- Búnaðarmál, huga að því sem vantar og allt sé til taks þegar á þarf að halda.
- Einnig þekking, auka hana t.d. varðandi fjarskipti og annað.
- Þakkar öllum fyrir þátttökuna og áhugann. Getum horft björt fram á tímann.
- Æfingu slitið.

AST

- Streymi var af SLY, frábær tækni og gott að nýta. Mjög upplýsandi fyrir AST.
- Fjarskipti voru of mikil, fjarskipti SST fór á annan talhóp, ásamt áverkalýsingum frá vettvangi, frumkvæðið kom frá AST eðlilegast að svo sé, eins með Rauða kross sem fór á sér hóp
- Talning, upplýsingarnar komu jafnt og þétt og eru mikilvægar fyrir störf AST
- Farþegalisti kom frá VST – en hugsanlega hefði hann átt að koma frá SST AST staðreynir farþegalistann.
- Læknir Vopnafirði, fær boð og reynt að kalla í hann en ekkert svar.
- Fjarskipti gengu almennt vel, en voru stíflur
- Símtal á miðri æfingu, hefði mátt taka eftir æfingu.

5.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er hún eftirfarandi.

Nafn ráðgjafa	Hvar varstu staddur/stödd á æfingunni?	Hverjum varstu að fylgjast með sérstaklega?	Hvaðan kemur ráðgjafi?	Hvað gekk vel í undirbúningi æfingar hjá ráðgjafa , t.d. fundir, fræðsla og samskipti við einingu ráðgjafa?	Hvað hefði mátt fara betur í undirbúningi æfingar hjá ráðgjafa t.d. fræðsla og samskipti við einingu ráðgjafa?	Hvað gekk vel á æfingunni á Þórshafnarflugvelli?	Hvað hefði mátt betur fara á æfingunni á Þórshafnarflugvelli?	Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram að lokum?
Guðbrandur Örn Arnarson	Aðallega á MÓT en við vorum fjórir og fórum í vettvangsferðir einnig á önnur starfssvæði	Flutningastjóra	Slysavarnafélagið Landsbjörg	Þrátt fyrir stuttan aðdraganda þá gekk undirbúningur nokkuð vel	Mætning hefði mátt vera betri	Mjög fagmannleg vinnubrögð áberandi	Talsverður hugtakaruglingur í fjarskiptum t.d. kallað á AST þegar verið var í raun verið að kalla á VST og einnig var svarað fyrir AST án þess að vera hluti af því stjórnstigi	1. Flutningastjórar vissu til hvers þeirra var ætlast 2. Náðu ágætri yfirsýn í byrjun 3. Hefðu mátt vera röggumari að stoppa aðkomandi bíla og fá kallmerkin og skrá 4. Örlaði aðeins á hraðakstri inn á MÓT 5. Aðkoma að MÓT ekki alveg nógu heppileg. Þröngt og óskýrt. 6. Betra að bakka aðeins nær flugbrautinni til að fá trekt inn á svæðið 7. Nýta SÁBF betur - Hvar var innri lokun og hvar var ytri lokun? 8. Á Vettvangi var til fyrirmyndar að bílar tóku hring og lögðu og lítið um að bílar væru að bakka
Halldór Hólm	Við söfnunar svæði slasaðra	Gæslustjóra	Almannavarnir	Frábær samvinna við alla ráðgjafa/einingar	Er enn að læra inn á ýmislegt og þarf/mun setja mitt hlutverk í skilvirkara verklag	Allt. Ekkert meira um það að segja	Varð vitni af ógætileg um akstri viðbragðsaðila	Hlakka til næstu æfingar
Sigrún Guðný Pétursdóttir	Söfnunarsvæði slasaðra SSS	Aðhlyningarstjóra	Heilbrigðisþjónusta	Get ekki svarað því fræðsla hafði verið haldin þegar fyrirhuguð æfing var á öðrum tíma og ég var ekki með í þeim undirbúning. Samskipti við einingu gengu mjög vel fyrir sig þegar þau komust í gang fyrir þessa æfingu.	Tengsl við viðbragðsaðila í heilbrigðisþjónustunni hefði þurft að byrja að eins fyrr og ég hefði átt að vera búin að gefa stjórnendum eininga fyrir upplýsingar.	Samvinna heilbrigðisstarfsfólks á Þórshöfn var mjög góð. Samskipti voru yfirleitt skýr (það má alltaf æfa sig betur í "closed lopp communication"), þeir sem tóku að sér hlutverk innan SSS sinntu því með sóma. SSS var virkja og undirbúið skv. plani, sérhæfður búnaður s.s. ABCDE búnaður og lyf kom frá Heilsugæslunni	Í raun gekk æfingin mjög vel, auðvitað má alltaf reyna að rýna í eins mikið og hægt er reyna að sjá hvað væri hægt að gera á annan veg næst. Ég hef á mörgum æfingum m.a. á Þórshöfn séð að samvinna aðhlyningarstjóra við aðstoðarmann hefði mátt vera betri. Það hljómar sem auðvelt að taka einhvern úr björgunarsveit og biðja hann að hjálpa sér að hlusta á fjarskipti en þetta hlutverk er í raun flókið og e.t.v. þarf að setja það inn í	Á æfingunni voru einstaklingar sem hafa tekið þátt í þessari æfingu áður, mér fannst það mjög jákvætt að þau sem sáu um heilbrigðishlutann ákváðu að skipta með sér verkum "öðrvísi" en síðast. Þ.e. ekki að hafa sama aðhlyningarstjóra. Eftir á var það jákvætt m.t.t. að það er líklega gott að prófa að vera í fleiri hlutverkum og fá þannig innsýn á sem flesta þætti í ferlinu.

og var vel skiplagður og aðgengilegur. Meðan á æfingunni stóð fóru fram samskipti við aðgerðarstjórn/SST og var það gert á sér talhóp.

undirbúning fyrir æfinguna að ákveða þennan aðila og leyfa honum að æfa sig í þessu hlutverki áður en æfingin hefst (þessi tvenna sé búin að "synca" sig saman). Við (heilbrigðishlutinn) ræddum aðeins hvort hægt væri að hafa betra yfirlit yfir ástand sjúklunga á gulu og rauða svæðinu aðgengilegra t.d. með því að setja tússtöflu á vegginn. Huga þarf að líkt og kom í ljós að fólk sem getur ekki gengið (er á börum t.d. með fótbrot) verður grænt í áverkamatinu. En græna svæðið var bara hugsað fyrir fólk sem gat gengið. Ákveða þarf saman hvar á að staðsetja þessa "grænu" t.d. eiga þeir þá að vera á gula svæðinu. Þá líkt og oft á æfingum þá sýndi sig hve mikilvægt það er að það sé einhver sem hefur yfirsýn yfir búnaðinn og forgangsraðar honum og sér jafnvel um að hlusta á fjarskipti og koma því sem þarf og er til á vettvangi þangað sem þörf er á því. s.s. börum, teppum, spelkum, grjónadýnu og annað.

Aðalheiður Jónsdóttir	SSS	Sjálfbóðaliðum RK og svo á samskipti við AST/SST	Rauði krossinn	Fræðsla sem var haldin í haust gekk mjög vel og var góð mæting á fræðslu sem var á Teams.	Mjög fáir sjálfbóðaliðar komust á æfinguna vegna ýmissa ástæðna og það var til þess að við náðum aðeins að manna SSS	Róleg æfing þar sem fólk náði að fara vel yfir sín hlutverk. Ánægja með samskipti við aðhlyningastjóra	Það virtist all ganga vel og þau sem voru í SSS náðu að halda vel utan um fólkið. Það vantar kannski smá þekkingu á viðbragðsáætlun og hlutverkum.
-----------------------	-----	--	----------------	---	--	--	--

Hólmgeir Þorsteinsson	Á slysavettvangi	Björgunarstjóra	Isavia	Okkur í ARFF-hópnum gekk vel að setja upp vettvang. Tóti slökkvistjóri sjá um að útvega það sem við þurftum á staðnum og svo komum við með það sem upp á vantaði.	Mér sýnist að það hefði mátt undirbúa Björgunarstjórana betur fyrir æfinguna þ.e. koma þeim betur inn í sitt hlutverk.	Slökkvistarf á slysavettvangi gekk vel, björgun fastklemmdra gekk einnig vel og notuðust björgunaraðilar við fjölbreyttar aðferðir í sinni vinnu. Slökkviliðsmenn hugsuðu einnig vel um eigið öryggi bæði í slökkvi- og björgunarstörfum sínu.	Björgunarstjórar náðu ekki nægjanlega góðri yfirsýn yfir slysavettvang í upphafi en það lagaðist þegar leið á æfinguna. Einnig hefðu Björgunarstjórar þurft að vera ákveðnari í fjarskiptum. Bráðaflokkun og talning sjúklinga gekk brösulega framan af en á endanum náðist að telja rétt en það var m.a. vegna misskilnings um staðsetningu á æfinga-bráðaflokkunarspjöldum.	Skemmtileg æfing sem reyndi á allt ferlið ef til flugslyss kemur.
Dóí	Á vettvangi	"Sjúklingum" í bíl og björgun þeirra	Isavia	Allt	Ekkert sem hægt er að benda á	Æfingun gekk heilt yfir mjög vel	Veit ekki....	Nei

5.3 Umsjón leikara - Rýni meðal leikara

Rætt var við leikara að lokinni æfingu hvernig þeim fannst til takast. Þeir voru ánægðir með meðferð og flutning auk þess sem þeim fannst gaman að taka þátt. Góð veðurskilyrði gerðu það að verkum að einhverjum var mjög heitt á tímabilinu en ekkert alvarlegt.

Hvað fannst þér jákvætt við æfinguna:

- Gekk vel.
- Flestir áverkar fundust.
- Gaman að læra að setja áverka á fólk.

Hvað fannst þér ábótavant við æfinguna:

- Enginn nefndi neitt sem hefði mátt fara betur.

5.4 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

5.4.1 Hverjir tóku þátt í rýni


Alls tóku 15 aðilar þátt í rýni, sem er heldur lítið en gefur samt nokkra mynd.

Mynd af hvaða úrlausnaraðila fólk tilheyrir.

1. Hvaða viðbragðsaðila tilheyrir þú?

[More Details](#)

● Sjúkraflutningar	0
● Lögregla	3
● Flugturn Þórshöfn	0
● Slökkvilið	1
● Heilbrigðisþjónusta	2
● Isavia	0
● Björgunarsveitir	4
● Rauði krossinn	4
● Other	1



5.4.2 Það sem vel var gert

5.4.2.1 Undirbúningur æfingar

- Allt sem ég veit af.
- Var ekki í björgunarsveit þá
- Góð fræðsla og utanumhald

- Fræðsla í haust og þ. 29/4 var mjög góð.
- Fannst allt fara vel fram
- Fræðslan, Skrifborðsæfingin og spjallið við setninguna gerði alla hluti þægilegri fyrir VST og Gæslustjóra... og að mínu mati alla aðra þátttakendur og ráðgjafa. Samþjöppun fólks yfir spjalli og bjórdós alveg nauðsynleg líka til að liðka fyrir góðum kynnum og taka á móti nýju fólki við björgunarstörf.
- Tók ekki þátt í undirbúningi
- Má kannski segja að nokkur raunverkefni undanfarið hafi verið besta undirbúningurinn :-)
- skrifborðsæfingin daginn áður var mjög gagnleg þar sem ég var að gera þetta í fyrsta skipti.
- Skrifborðsæfing.
- Almennt gekk allt vel.
- Gott framboð á fræðslu.
- Kom seint inn í hópinn og náði ekki að fylgjast með Zoom fundinum.
- Gaman að sjá hvað skrifborðsæfingin skipti miklu máli. Mikill munur á fyrsta og öðru rennsli og í kjölfarið afar afslöppuð æfing á laugardeginum.
- Mjög góð fræðsla

5.4.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

- Almennt gekk allt vel. Upplýsingar gengu frekar hratt milli aðila á slystað.
- Sss gekk vel.
- Flest allt gekk vel. Vantaði að vísu flokkunarspjöld í byrjun.
- fannst flest allt hafi smellið saman
- Fólk virtist nokkuð öruggt og yfirvegað. Stress til vandræða varði ekki lengi. Æfingin og úrlausnir verkefna runnu ótrúlega þægilega í gegn. Æfingin líka þægilega sniðin að þessum viðbragðsaðilum og stærð svæðis og fjölda þátttakenda.
- Þetta var fyrsta æfing í SST í langan tíma og gott tækifæri til að liðka áhöfn SST vegna viðbragða við hópslysi
- Mér fannst allt ganga vel. Skipulagið virkaði og allir þekktu sitt hlutverk.
- samstarf og samskipti gengu að mestu leyti mjög vel.
- Æfingin gekk vel
- Almennt gekk allt mjög vel á æfingunni. Allir áhugasamir að gera hlutina vel og yfirvegað.
- Skipulag og verkaskipting.
- Get bara svarað fyrir mig, það gekk vel að taka á móti slösuðum og flokka þá eftir kerfinu og koma þeim þangað sem þeir áttu að fara.
- rennsli gott - fjarskipti góð
- mér fannst flest ganga vel

5.4.3 Það sem betur hefði mátt fara

5.4.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

- Enga skoðun.
- Var ekki í björgunarsveit þá
- Allt gekk vel
- Gleymdist að tilkynna starfsfólki heilsugæslunnar tímasetningu æfingar. Vika er of stuttur tími 😊
- Held að það hafi bara allt farið vel fram
- Sé enga sérstaka annmarka
- Fulltrúi samhæfingarstöðvar ætti að taka þátt í undirbúningi flugslysaæfinga

- Þetta var bara þrýðilega undirbúin æfing. Áætlunin var endurskoðuð svolítið á síðustu dögnum. Hefði kannski verið betra ef það hefði verið aðeins fyrr.
- ekkert sem mér dettur í hug
- Ekkert sem þiraði mig.
- Aðeins öðruvísi að hafa þetta svona aðskilið en gekk ágætlega.
- Fjar- er aldrei eins gott og stað-.
- Ég sé ekkert athugavert.
- nei
- hefði verið betra að vera ekki á Teams

5.4.3.2 *Það sem betur mátti fara á æfingunni*

- Boðskipti á slystað, skrifast á óreynda.
- Tregða á talhópi 6-0
- Gervi lækna og hjúkrunarfólk gengur ekki upp. Þessir aðilar eru of þöglir 😊
- fannst sumt vera of lengi að koma af því dóti sem var út á velli
- Kannski helst að rauntími og viðbragð slökkviliðs var helst til gott, kannski aðeins of fljótir á svæðið. Örlítið kæruleysi og agaleysi í akstri.
- Fulltrúa frá ISAVIA og 112 vantaði í samhæfingarstöð, dagsetningum æfinga þarf að koma á framfæri við aðila sem útvega fólk í áhöfn SST um leið og þær liggja fyrir til að hægt sé að tryggja mönnun starfsstöðva.
- Þælingar sem liggja eftir eru m.a.: - Að gott hefði verið að hafa umdæmisstjóra ISAVIA í AST – en mér skilst að það eigi að skrifa hann þar inn í næstu útgáfu - Að kanna þurfi hvert SST sækir upplýsingar um flutningsgetu sjúkraflugvéla – þar sem ósamræmis um það gætti á æfingunni - Að engar skráningar koma inn í vinnugrunninn frá VST og því frekar erfitt fyrir AST að ná yfirsýn yfir bjargir á vettvangi. T.d. erfitt að átta sig á hvaða mannskapur er kominn í aðgerðina. Mikill munur frá aðgerð sem er rekin frá Akureyri, t.d. snjóflóðið, þar sem „hússtjórn“ bókaði bjargir inn í grunninn jafnharðan. Kannski erfitt við þessu að gera á Þórshöfn.
- Það hefði verið gott að fá bjargir á vetfangi skráðar inn í aðgerðagrunn. AST hefði getað gengið eftir fjölda meðlima í hverjum hóp þegar þeir tilkynntu sig inn. Björgunarsveitin Hafliði tilkynnti fjölda sinna manna.
- Hefði viljað fá upplýsingar frá mínum félögum og fulltrúum.
- Ég finn ekkert að.
- nei
- Fjarskipti í byrjun og hefði mátt byrja bráðaflokka fyrr

5.4.4 *Annað sem var tekið fram*

- Takk fyrir þarfa æfingu
- Tilkynna þarf æfingu með meiri fyrirvara til ALLRA. Fá etv staðfestingu frá öllum aðilum um móttöku skilaboða
- Þetta var í einu og öllu gríðarlega mikilvæg æfing fyrir lítið og brothætt svæði, sem tryggir samstöðu og betri árangur þessara litlu eininga sem þarna voru að æfa sig með miklum sóma, með aðstoð og leiðsögn okkar sem kannski hafa meiri reynslu og meira bakland.
- Vinna með SÁBF kerfið er orðin mjög liðug og gengur vel. Aðgerðarstjórnstöð á Akureyri ómetanleg aðstaða.
- mjög gagnleg æfing. flott að geta fínþússað vinnuna samvinnuna og búnaðinn í ast. takk fyrir mig
- Nei

- Nauðsyn skrifborðsæfingar sýndi sig vel á þessari æfingu. Það að eiga tækifærið að ganga í gegnum svona verkefni saman skiptir sköpum. Eitt er að vita hvað maður á sjálfur að gera en það kemur bara öðruvísi út þegar það þarf að samtvinna það með öðrum viðbragðsaðilum.
- Takk!
- Ég tel jákvætt að ekki var of mikið af fagfólki á æfingunni þar sem líklegt er að fámennt verði í raun.
- Frábær æfing myndi vilja eina svona á ári.

5.4.5 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 9,47 af 10.

6 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

6.1 Styrkur

- Gott að skipta upp fjarskiptum þegar mikið kraðak var á talhóp 6-0.
- Aðhlyningarstjóri beint á Blár 6-5 og tók pressuna af 6-0.
- Mjög gott að fá bedda RKÍ á SSS – auðveldar alla vinnu.
- Gott að hafa streymi af vettvangi til AST.
- Vel gert að ná að setja upp verklega æfingu með stuttum fyrirvara.
- Fagmannleg vinnubrögð og nýir aðilar að koma sterkir inn.
- Gott að aðilar séu ekki alltaf í sömu hlutverkum, s.s. að fleiri aðilar nái að æfa sig í störfum verkþáttastjóra.
- Slökkvilið notaði fjölbreyttar aðferðir við að ná aðilum úr þröngum aðstæðum.
- Mikil ánægja með fræðsluna og framboð hennar fyrir æfinguna.
- Skrifborðsæfingin skiptir mjög miklu máli, sérstaklega taka tvö.
- Góð aðstaða og samvinna í AST á Akureyri.
- Góð æfing!

6.2 Helstu umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
Á tímabili erfitt að komast í inní fjarskipti – íhuga að stækka skipulag	Aðgerðastjórn
Erfitt að ná í aðhlyningarstjóra innan SSS – mikið upptekinn í fjarskiptum	Aðhlyningarstjóri
Aðhlyningarstjóri sinki sig við aðstoðarmann – æfi samvinnu	Aðhlyningarstjóri
Björgunarstjóri haldi yfirsýn yfir vettvang	Björgunarstjóri
Setja upp skýrari lokunarpósta IL og YL	Gæslustjóri
Vantar töflu eða Magic chart á SSS til að halda yfirsýn	Isavia
Fulltrúa Isavia vantaði í SST – Tryggja mönnun	Isavia
Uppsetning SSS – Grænir á börum eftir áverkamat er þröng að koma á græna svæðið	Isavia
Umdæmisstjóri Isavia mæti í AST við virkjun flugslysaáætlunar	Isavia
Fulltrúa 112 vantaði í SST – Tryggja mönnun	Neyðarlínan 112
Hafa birgðastjóra í SSS – Yfirsýn og útteiling á búnaði og forgang á SSS	Vettvangsstjórn
Huga að akstri og takmarka það að bakka á vettvangi	Viðbragðsaðilar
Mæting hefði mátt vera betri	Viðbragðsaðilar
Hugtakaruglingur í fjarskiptum – Læra inná viðbragðsáætlunina	Viðbragðsaðilar
Efla þekkingu viðbragðsaðila á viðbragðsáætlunum	Viðbragðsaðilar
Bjargir skrái sig í aðgerðagrunn	Viðbragðsaðilar
Leika flugvélina í VHF – gefur meiri dýpt	Æfingastjórn
Óþægilegt að fá pappírshjargir - ruglandi	Æfingastjórn
Tilkynna þarf öllum á heilsugæslu tímasetningu æfingar	Æfingastjórn
Reyna að hafa fræðsluna staðbundna	Æfingastjórn